



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ til kynningar

Kópavogi, 14. mars 2023
2111146/400.00 AEÓ

Efni: Lýðheilsumat – hreyfiframboð til eldri borgara í Kópavogi.

Lýðheilsumat er í vaxandi mæli nýtt víðsvegar um heim, ekki síst af hálfu stjórnvalda. Markmið lýðheilsumats er að leggja mat á hvort og þá hvernig stefnur eða aðgerðir stjórnvalda geti haft - eða hafi haft - áhrif á heilsu og líðan íbúa eða einstakra íbúahópa. Hér er á ferðinni aðferðafræði sem getur komið auga á vænt - eða sannarleg - neikvæð og jákvæð áhrif stefnu/aðgerðar á heilsu og líðan fólks. Þannig skapast tækifæri til að aðlaga stefnu/aðgerð með hliðsjón af niðurstöðum matsins með það að markmiði að efla heilsu og líðan borgaranna.

Fyrir nokkru var ákveðið að Kópavogsbær myndi gera sitt fyrsta lýðheilsumat á aðgerðum sem lúta að hreyfiframboði til eldri borgara í sveitarfélaginu. Óskað er eftir að kynna niðurstöður þessarar vinnu fyrir bæjarráði.

Virðingarfyllst,

Anna E. Ólafsd.

Anna Elísabet Ólafsdóttir
Verkefnisstjóri lýðheilsumála